



Rangárþing ytra

Laufskálar 2

850 HELLA

Garðabær, 18.8.2025

Málsnúmer: 202507-0046

IAS

Efni: Rafstrengur við Laufafell. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Rangárþingi ytra frá 22. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna rafstrengs í jörð á Laufafelli

„Framkvæmdin felur í sér lagningu rafstrengs í jörð á tæplega 4 km leið frá stöðvarhúsinu við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleið syðri þar sem strengurinn þverar veginn. Þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Fyrirhugaða legu strengsins má sjá á mynd 2-1 en mögulegt er að einhver hliðrun verði á leið strengsins ef aðstæður í umhverfinu kalla á það. Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnsta mögulega raski. Leiðin er jafnframt eina færa leiðin með ökutæki niður fellið. Aðrir hlutar á toppi fellsins eru klettar. Núverandi strengur fer niður kletta en vegna mikils grjóthruns verður hann iðulega fyrir tjóni með tilheyrandi truflunum á fjarskiptajónustu og viðgerðakostnaði.

Um er að ræða lágspennustreng fyrir allt að 1 kV spennu, um 2,5 cm í þvermál. Strengurinn verður plægður niður með traktorsgröfu og leggst í botn plógfarsins á um eins metra dýpi. Síðan leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið verður slétt. Almenn þarf ekki að laga yfirborðið en ef þörf er á er það gert með hrífu og skóflu. Reynsla Neyðarlínunnar af því að plægja niður strengi sýnir að ef vel er staðið að verki hverfi ummerki fljótlega, sérstaklega þar sem um er að ræða laust yfirborðsefni líkt og sand.

Rasksvæðið takmarkast aðeins við breidd gröfunnar sem gera má ráð fyrir að sé um 2,1-2,4 m. Eftir gröfuna eru óveruleg fôr sem verða lagfærð eftir þörfum og eiginlegt rask því aðallega plógfarið sjálft. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir heildarrasksvæði sem er u.þ.b. 1 ha. Lögð verður áhersla á að lágmarka allt óþarfa rask og gert er ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á um þremur árum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki um 2 daga og fari fram í september 2025 ef veður leyfir. Rekstartími strengsins er um 50 ár.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða viðkvæmt, lítt gróið svæði á hálendinu og nær strengleiðin að Friðlandinu að Fjallabaki á toppi Laufafells. Strengleiðin er innan svæðisins Emstrur og Fjallabak sem er á C-hluta náttúruuminjaskrár og sést hún vel frá Fjallabaksleið syðri. Þá er svæðið hluti af Törfajökulseldstöðinni sem talin er einstök bæði á lands- og heimsvísu. Þar er stærsta líparít svæði landsins og innan



Torfajökulsöskjunnar er stærsta jarðhitasvæði landsins. Árið 2011 samþykkti ríkisstjórn Íslands, að tillögu umhverfisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, að bæta Torfajökulssvæðinu á yfirlitsskrá heimsminja Íslands með tilnefningu til heimsminjaskrár UNESCO í huga. Þann 15. apríl 2013 var Torfajökulseldstöðin (Friðland að Fjallabaki) samþykkt af UNESCO á yfirlitsskrá Íslands, en það er fyrsti áfangi í tilnefningu svæðis til heimsminjaskrár UNESCO. Í yfirlitsskránni eru tiltekin fjögur atriði sem talið var að gætu uppfyllt viðmið UNESCO fyrir heimsminjasvæði, þrjú þeirra tengjast jarðminjum og eitt landslagi.

Þetta er hins vegar mikilvæg framkvæmd vegna öryggissjónarmiða en vegna mikilla náttúruverðmæta þarf allur frágangur að vera til fyrirmyndar og þarf að gæta þess að ekki verði skilin eftir för eða rásir í hlíðum Laufafells sem rofnað getur út frá.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur